

## 413. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 19. október 2006 kl. 16.00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Elísabet L. Björgvinsdóttir  
Gretar D. Pálsson  
Lárus Á. Hannesson  
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Elísabet L. Björgvinsdóttir setti fund og fól bæjarstjóra fundarstjórn.

### 1. Fundargerðir nefnda.

#### 1.1. Atvinnumálanefnd, dags. 11.10.2006.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### 1.2. Safna- og menningarmálanefnd, dags. 10.10.2006.

Fundargerð framlögð. **Liður 1** umsóknir um stöðu forstöðumanns Amtsbókasafnsins. Tvær umsóknir hafa borist um stöðuna. Samþykkt að ráða Ragnheiði Óladóttur í starfið og fundargerð samþykkt.

#### 1.3. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 9.10.2006.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

#### 1.4. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 6.10.2006.

Fundargerð framlögð. **Liður 3** ungmennaráð. Eftirtaldir samþykktir í ungmennaráð: Sigrún Björk Sævarsdóttir, Auður Hinriksdóttir, Gísli Sveinn Gretars, Ísak Hilmarsson og Drífa Árnadóttir. Gretar D. Pálsson sat hjá vegna skyldleika. Fundargerð samþykkt.

#### 1.5. Vinnuhópur um skólahúsnæði, dags. 4.10.2006.

Fundargerð framlögð.

### 2. Lóðarumsókn. Skipavík ehf. sækir um lóðina austan við Rækjuneshúsið.

Samþykkt að vísa lóðarumsókn til skipulags- og bygginganefndar.

### 3. Drög að leigusamningi við Artangel.

Drög að leigusamningi framlagður og bæjarstjóra falið að skrifa undir leigusamning við Artangel.

### 4. Fundarboð SSV vegna fundar með alþingismönnum Norðvesturkjördæmis 24.10.2006.

Fundarboð framlagt.

### 5. Bréf Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 11.10.2006, varðandi tilraunaverkefnið Hreyfing fyrir alla.

Bréf framlagt og vísað til æskulýðs- og íþróttnefndar.

### 6. Samningur við Íslenska Gámafélagið um sorphirðu í Stykkishólmi.

Samningur framlagður og samþykktur.

### 7. Verksamningur við Sumarbústaði ehf. um gangstéttafrágang.

Verksamningur framlagður og samþykktur.

### 8. Samþykktir fyrir Dvalarheimili aldraðra frá bæjarráðsfundi 412.

Samþykktir fyrir Dvalarheimili aldraðra samþykktar með breytingum.

### 9. Erindisbréf stjórnar Dvalarheimilis aldraðra frá bæjarráðsfundi 412.

Erindisbréf framlagt og samþykkt með breytingum.

### 10. Bréf frá Þorbirni Geir Ólafssyni vegna bílastæðis við Reitaveg 6.

Framlagt og erindi frestað til næsta bæjarráðsfundar.

**11. Beiðni frá Sigrúnu Þórsteinsdóttur um námsleyfi.**

Framlagt og erindi frestað til næsta bæjarráðsfundar.

**12. Árshátíð starfsmanna Stykkishólmsbæjar.**

Samþykkt að árshátíð starfsmanna Stykkishólmsbæjar verði haldin með sama hætti og s.l. tvö ár.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.17:25

Þór Örn Jónsson, bæjarritari